

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 933/2008

2011/EES/5/29

frá 23. september 2008

um breytingu á viðaukanum við reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar aðferðir til auðkenningar á dýrum og efni flutningsskýrsla (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE ⁽¹⁾, einkum l. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 21/2004 er kveðið á um að hvert aðildarríki skuli koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar.
- 2) Kerfið á að samanstanda af fjórum þáttum, nánar tiltekið: auðkennismerki til að auðkenna sérhvert dýr (hér á eftir nefnt auðkennismerki), uppfærðar skrár, sem eru færðar á hverri bújörð, flutningsskjöl og miðlæg skrá eða tölvugagnagrunnur. Í viðaukanum við þá reglugerð eru settar fram kröfur fyrir þessa þætti.
- 3) Í reglugerð (EB) nr. 21/2004, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1560/2007 ⁽²⁾, er kveðið á um að frá og með 31. desember 2009 sé skylda að nota rafræna auðkenningu.
- 4) Hinn 17. nóvember 2007 lagði framkvæmdastjórnin skýrslu fyrir ráð Evrópusambandsins um framkvæmd rafrænnar auðkenningar á sauðfê og geitum ⁽³⁾. Í skýrslunni er komist að þeirri niðurstöðu að aðildarríkjunum skuli einnig heimilt að samþykkja nýjar gerðir kennimerkja til auðkenningar á sauðfê og geitum við tiltekin skilyrði.
- 5) Tækniframfarir hafa átt sér stað á sviði rafrænnar auðkenningar. Því er við hæfi að breyta kröfunum varðandi auðkennismerkin sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 21/2004, svo unnt sé að leyfa breiðara svið tæknilegra samsetninga. Auðkennismerki, sem nýlega hafa verið þróuð, t.d. stunguörmerki (e. injectable identifier) og rafræn merki á kjúku, skulu

þar af leiðandi leyfð sem auðkennismerki samkvæmt þeirri reglugerð. Þó ætti notkun þeirra að takmarkast við flutninga innan hvers lands með hliðsjón af því að þörf er á að afla frekari, hagnýtrar reynslu af notkun þessara nýju auðkennimerkja. Þar eð rafrænt merki kemur til með að verða fyrsta auðkennismerkið er rétt að veita aðildarríkjunum meiri sveigjanleika til að nota hefðbundin auðkennismerki sem annað auðkennismerki. Því ber að breyta A-hluta viðaukans við þá reglugerð til samræmis við það.

- 6) Í B-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 21/2004 eru settar fram þær upplýsingar sem eiga að vera í uppfærðu skránum sem færðar eru á hverri bújörð. Hluti þeirra upplýsinga er aðeins tiltækur á fæðingarbújörðinni. Því er rétt að breyta þeim hluta viðaukans í því skyni að draga úr stjórnsýsluálagi.
- 7) Í reglugerð (EB) nr. 21/2004 er kveðið á um að frá og með 31. desember 2009 verði skylt að nota rafræna auðkenningu fyrir öll dýr sem eru fædd eftir þann dag. Á fyrsta árinu eftir 31. desember 2009 verða flest dýr þó aðeins auðkennd með hefðbundnum, órafrænum kennimerkjum þar eð dýrin eru fædd fyrir þann dag. Á því ári verða bæði dýr með rafræn kennimerki og dýr með órafræn kennimerki flutt og meðhöndluð saman.
- 8) Einstaklingsbundna kóða dýra, sem eru með órafræn kennimerki, er eingöngu unnt að skrá handvirkt. Handvirk skráning órafrænna kennimerkja kallar á töluverða vinnu fyrir umsjónarmenn dýranna og er hugsanlegur skekkjuvaldur. Auk þess væri íþyngjandi fyrir rekstraraðila að skilja frá þau fáu dýr sem eru með rafræn kennimerki og skrá einstaklingsbundinn kóða þeirra. Einnig væri íþyngjandi að fara fram á að sett verði upp rafræn aflestrarkerfi fyrir einstakar skráningar þar eð meirihluti fluttra dýra yrði eftir sem áður auðkenndur með hefðbundnum, órafrænum eyrnamerkjum. Því skal færa þá dagsetningu þegar einstaklingsbundinn kóði dýra á að koma fram í flutningsskjölunum fram til þess tíma þegar verulegur hluti sauðfjár- og geitastofnsins hefur verið auðkenndur á rafrænan hátt. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd rafrænnar auðkenningar á sauðfê og geitum er einnig komist að sömu niðurstöðu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 256, 24.9.2008, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 5, 9.1. 2004, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 25.

⁽³⁾ COM(2007) 711.

- 9) Því er rétt að færa dagsetninguna þegar skylt er að einstaklingsbundinn kóði dýra komi fram í flutningsskjölunum fram til 1. janúar 2011 Því er rétt að breyta dagsetningunni sem um getur í 2. lið C-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 21/2004, sem varðar flutningsskjalið, til samræmis við það.
- 10) Taka verður tillit til sérstakra aðstæðna dýra sem fædd eru fyrir 1. janúar 2010 að því er varðar kröfuna um að skrá einstaklingsbundna kóða dýranna í flutningsskjalið. Áhættan, sem fylgir flutningum þessara dýra til sláturhúss, er takmörkuð og réttlætir ekki aukið stjórnsýsluálag sem hlýst af þeirri kröfu. Dýr, sem flutt eru beint til sláturhúss, skulu því undanþegin þeirri kröfu án tillits til þess hvaða dag flutningurinn á sér stað.
- 11) Þrátt fyrir að dýr, sem fædd eru fyrir 1. janúar 2010, verði enn verulegur hluti sauðfjár- og geitastofnsins árið 2011 fer áhætta, sem tengist flutningum þeirra, ört minnkandi, í réttu hlutfalli við fækkun þessara dýra til 31. desember 2011. Því er rétt að flutningur þessara dýra sé undanþeginn kröfunni um að einstaklingsbundinn kóði dýra sé skráður í flutningsskjalið til 31. desember 2011. Eftir þann dag verður sauðfjár- og geitastofninn að langmestu leyti auðkenndur á rafrænan hátt og handvirk skráning verður aðeins nauðsynleg í fáum tilvikum, þar eð aðeins yrði um að ræða gömul dýr sem flutt verða til annarra bújarða en ekki til sláturhúsa. Álagið á umsjónarmenn dýranna, sem fylgir slíkri skráningu eftir 31. desember 2011 yrði þá innan viðunandi marka, einnig hugsanlegir skekkjuvaldar.
- 12) Því er rétt að kveða á um tiltekin bráðabirgðaákvæði á byrjunartíma kerfisins að því er varðar skráningu einstaklingsbundinna kóða dýra í flutningsskjal dýra sem eru fædd fyrir 1. janúar 2010.
- 13) Í C-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 21/2004 eru settar fram þær upplýsingar sem eiga að koma fram í flutningsskjalinu. Auðkenniskóði viðtökubújarðarinnar er ekki alltaf tiltækur á brottfararþjórdönni. Nafn og heimilisfang viðtökubújarðarinnar eða næsta umsjónarmanns dýranna telst viðunandi kostur í staðinn.
- 14) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 21/2004 til samræmis við það.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 21/2004 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. september 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

„VIDAUKI

A. AUÐKENNISMERKI

1. Lögbært yfirvald skal samþykkja auðkennismerki sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. sem skulu vera þannig hönnuð að:

- a) tryggt sé a.m.k. eitt sýnilegt merki og eitt merki sem er unnt að lesa rafrænt,
- b) tryggt sé að þau haldist án þess að dýrið beri skaða af, og
- c) auðvelt sé að fjarlægja þau úr matvælaferlinu.

2. Auðkennismerkin skulu hafa kóða sem gefur eftirfarandi upplýsingar, í þeirri röð sem tilgreind er:

- a) annaðhvort tveggja bókstafa kóða eða þriggja tölustafa kóða ⁽¹⁾, sem byggist á ISO-staðli 3166, fyrir aðildarríkið sem bújörðin er í og þar sem dýrið var fyrst auðkennt (landskóði),
- b) einstaklingsbundinn kóða dýrs sem er í mesta lagi 12 tölustafir.

Lögbært yfirvald getur leyft, auk þeirra kóða, sem um getur í a- og b-lið, og að því tilskildu að það hafi ekki áhrif á læsileika þeirra kóða, strikamerki og að umsjónarmaður dýra bæti við frekari upplýsingum.

(¹)

Austurríki	AT	040
Belgía	BE	056
Búlgaríja	BG	100
Kýpur	CY	196
Tékkland	CZ	203
Danmörk	DK	208
Eistland	EE	233
Finnland	FI	246
Frakkland	FR	250
Þýskaland	DE	276
Grikkland	EL	300
Ungverjaland	HU	348
Írland	IE	372
Ítalía	IT	380
Lettland	LV	428
Litháen	LT	440
Lúxemborg	LU	442
Malta	MT	470
Holland	NL	528
Pólland	PL	616
Portúgal	PT	620
Rúmenía	RO	642
Slóvakía	SK	703
Slóvenía	SI	705
Spánn	ES	724
Svíþjóð	SE	752
Breska konungsríkið	UK	826

3. Fyrsta auðkennismerkið, sem um getur í a-lið 2. mgr. 4. gr., skal vera í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram annaðhvort í a-lið eða b-lið.
 - a) rafrænt kennimerki í vambarstaut eða rafrænt eyrnamerki, í samræmi við tæknilegu eiginleikana sem eru tilgreindir í 6. lið, eða
 - b) eyrnamerki úr efni sem brotnar ekki niður, sem ekki er hægt að falska og er auðlæsilegt svo lengi sem dýrið lifir, ekki má vera hægt að nota það aftur og kóðarnir, sem um getur í 2. lið, verða að vera óafmáanlegir.
4. Annað auðkennismerkið, sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 4. gr., skal vera í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:
 - a) að því er varðar dýr sem eru auðkennd í samræmi við a-lið 3. liðar:
 - i. eyrnamerki sem er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í b-lið 3. liðar, eða
 - ii. eyrnamerki á kjúku sem er í samræmi við viðmiðanirnar um eyrnamerki sem settar eru fram í b-lið 3. liðar, eða
 - iii. húðflúr, nema um sé að ræða dýr sem verslað er með innan Bandalagsins,
 - b) að því er varðar dýr sem eru auðkennd í samræmi við b-lið 3. liðar:
 - i. rafrænt kennimerki sem er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í a-lið 3. liðar, eða
 - ii. ef um er að ræða dýr sem ekki á að eiga viðskipti með innan Bandalagsins: rafrænt kennimerki, sem er annaðhvort rafrænt merki á kjúku eða stunguörmerki, í samræmi við tæknilegu eiginleikana sem eru tilgreindir í 6. lið, eða
 - iii. ef rafræn auðkenning er ekki skyldubundin skv. 3. mgr. 9. gr.:
 - eyrnamerki sem er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í b-lið 3. liðar,
 - merki á kjúku sem er í samræmi við viðmiðanir um eyrnamerki sem settar eru fram í b-lið 3. liðar, eða
 - húðflúr.
5. Með kerfinu, sem um getur í c-lið 2. mgr. 4. gr., er sett fram sú krafa að hvert einstakt dýr verði auðkennt, bæði eftir bújörð og sem einstaklingur, kveðið er á um aðferð til endurnýjunar undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins ef auðkennismerki verður ólæsilegt eða glatast, án þess að torvela rekjanleika milli bújarða, og markmiðið er það að verjast útbreiðslu dýrafarsóttu og einnig, í sama tilgangi, að gera kleift að rekja flutninga á dýrum innan yfirráðasvæðis viðkomandi lands.
6. Rafrænu kennimerkin skulu hafa til að bera eftirfarandi tæknilega eiginleika:
 - a) þau skulu vera hlutlaus merkissvari sem eingöngu er til aflestrar og notar HDX- eða FDX-B-tækni og uppfyllir ISO-staðlana 11784 og 11785,
 - b) þau skulu vera lesanleg með aflestrartækjum sem uppfylla ISO-staðalinn 11785 og geta lesið af HDX- og FDX-B-merkissvörum,
 - c) lesfjarlægðin skal vera:
 - i. a.m.k. 12 cm fyrir eyrnamerki og merki á kjúku þegar lesið er með færanlegu aflestrartæki,
 - ii. a.m.k. 20 cm fyrir vambarstauta og stunguörmerki þegar lesið er með færanlegu aflestrartæki,
 - iii. a.m.k. 50 cm fyrir allar gerðir kennimerkja ef aflestrartækið er kyrrstætt.

7. Auðkenningaráðferðin, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., er sem hér segir:
- a) dýrin skulu auðkennd með eyrnamerki sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt og er sett í annað eyrað,
 - b) eyrnamerkið skal vera úr efni sem brotnar ekki niður, ekki má vera hægt að falska það og það skal vera auðlæsilegt, ekki má vera hægt að nota það aftur og á því mega aðeins vera kóðar sem ekki er hægt að afmá,
 - c) á eyrnamerkinu skulu vera a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:
 - i. tveggja bókstafa landskóði og
 - ii. auðkenniskóði fæðingarbújarðar eða einstaklingsbundinn kóði dýrs sem segir til um fæðingarbújörð þess.

Aðildarríki, sem nota þessa staðgönguaðferð, skulu tilkynna það til framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja innan vébanda nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 13. gr.

Ef dýr, sem eru auðkennd í samræmi við þennan lið, eru annaðhvort haldin lengur en til tólf mánaða aldurs eða ef ætlunin er að versla með þau innan Bandalagsins eða flytja þau út til þriðju lands, og þau eru í öllum tilvikum enn á fæðingarbújörð sinni, skulu þau auðkennd í samræmi við 1. til 4. lið áður en þau fara af þeirri bújörð.

B. SKRÁ BÚJARÐAR

1. Frá 9. júlí 2005 skal a.m.k. færa eftirfarandi upplýsingar í skrá bújarðar:
- a) auðkenniskóða bújarðarinnar,
 - b) heimilisfang bújarðarinnar og landhnit eða aðrar jafngildar upplýsingar um landfræðilega staðsetningu hennar,
 - c) tegund framleiðslu,
 - d) niðurstöður síðustu talningar, sem um getur í 7. gr., og talningardag,
 - e) nafn og heimilisfang umsjónarmanns dýranna,
 - f) þegar um er að ræða dýr sem eru flutt brott af bújörðinni:
 - i. nafn flutningsaðila,
 - ii. skráningarnúmer þess hluta flutningatækisins sem dýrin eru flutt í,
 - iii. auðkenniskóða eða heiti og heimilisfang viðtökubújarðarinnar eða, ef dýrin eru flutt í sláturhús, auðkenniskóða eða heiti sláturhúss og brottfarardag,
- eða tvírit eða vottað afrit af flutningsskjalinu sem um getur í 6. gr.,
- g) þegar um er að ræða dýr sem tekið er við á bújörðinni: auðkenniskóða bújarðarinnar sem dýrið var flutt frá og komudag,
 - h) upplýsingar um endurnýjun auðkennismerkja.

2. Frá 31. desember 2009 skulu í skrá bújarðarinnar a.m.k. koma fram eftirfarandi, uppfærðar upplýsingar fyrir hvert dýr sem er fætt eftir þann dag:
 - a) auðkenniskóði dýrsins,
 - b) á fæðingarbújörðinni: fæðingarár og auðkenningardagur,
 - c) dánarmánuður og -ár dýrsins á bújörðinni,
 - d) búfjarkyn og arfgerð, ef þetta er þekkt.

Ef dýrin hafa verið auðkennd í samræmi við 7. lið í A-þætti skal veita upplýsingarnar, sem um getur í a- til d-lið þessa liðar, fyrir hvern hóp dýra, sem hafa sama auðkenni, og einnig skal tilgreina fjölda dýranna.

3. Í skrá bújarðar skal koma fram nafn og undirskrift tilnefnds eða samþykks starfsmanns lögbæra yfirvaldsins, sem skoðaði skrána, og dagsetningu skoðunar.

C. FLUTNINGSSKJAL

1. Umsjónarmaður dýranna skal fylla flutningsskjalið út eftir fyrirmynd sem lögbæra yfirvaldið hefur ákveðið. Þar skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:
 - a) auðkenniskóði bújarðarinnar,
 - b) nafn og heimilisfang umsjónarmanns dýranna,
 - c) heildarfjöldi fluttra dýra,
 - d) auðkenniskóði viðtökubújarðarinnar eða nafn og heimilisfang viðtökubújarðarinnar eða næsta umsjónarmanns dýranna eða, ef dýrin eru flutt í sláturhús: auðkenniskóði eða heiti og staðsetning sláturhúss eða, ef um er að ræða árstíðabundin skipti á bithögum: viðtökustaður,
 - e) upplýsingar um flutningatæki og flutningsaðila, þ.m.t. leyfisnúmer flutningsaðila,
 - f) brottfarardagur,
 - g) undirskrift umsjónarmanns dýranna.
2. Frá 1. janúar 2011 skal í flutningsskjalinu koma fram einstaklingsbundinn auðkenniskóði fyrir hvert dýr sem er auðkennt í samræmi við 1. til 6. lið í A-hluta, til viðbótar við upplýsingarnar sem settar eru fram í 1. lið þessa hluta.
3. Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 2. lið, skulu þó ekki vera skyldubundnar vegna dýra sem fædd eru 31. desember 2009 eða fyrr:
 - a) við flutning þeirra til sláturhúss, beint eða með því að beina þeim í tiltekinn farveg sem útilokar síðari flutninga til annarra bújarða,
 - b) til 31. desember 2011 að því er varðar alla aðra flutninga.

D. TÖLVUGAGNAGRUNNUR

1. Í tölvugagnagrunninum skulu a.m.k. vera eftirfarandi upplýsingar um hverja bújörð:
 - a) auðkenniskóði bújarðarinnar,
 - b) heimilisfang bújarðar og landhnit eða aðrar jafngildar upplýsingar um landfræðilega staðsetningu bújarðarinnar,
 - c) nafn, heimilisfang og starfsgrein umsjónarmanns dýranna,
 - d) tegundir dýra,
 - e) tegund framleiðslu,
 - f) niðurstöður dýratalningarinnar, sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr., og talningardagur,
 - g) sérstakt svæði fyrir lögbæra yfirvaldið þar sem það getur fært inn upplýsingar er varða dýraheilbrigði, s.s. takmarkanir á flutningi, stöðu eða aðrar viðeigandi upplýsingar er tengjast áætlunum Bandalagsins eða áætlunum viðkomandi lands.
 2. Í samræmi við 8. gr. skal vera sérstök færsla í gagnagrunninum fyrir hvert tilvik þar sem dýr eru flutt.

Í færslunni skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar:

 - a) fjöldi fluttra dýra,
 - b) auðkenniskóði brottfararbújarðarinnar,
 - c) brottfarardagur,
 - d) auðkenniskóði viðtökubújarðarinnar,
 - e) viðtökudagur.”
-